

Blessun

Eftirspil

Óbyggðirnar kalla
Magnús Eiríksson

Ástvinir Þórðar þakka auðsýnda samúð og vinarhug og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar í Vinaminni að lokinni athöfn.

Prestur: *Sr. Þráinn Haraldsson*
Söngur: *Karlaraddir úr Kór Akraneskirkju*
Organisti: *Hilmar Örn Agnarsson*
Einsöngur & gítar: *Ivar Helgason*
Gítar: *Matthías Stefánsson*
Umsjón útfarar: *Borg útfararþjónusta*



Sálmaskrá: *Leturstofan*



Þórður Magnússon

f. 27. september 1949 - d. 24. nóvember 2024

Útför frá Akraneskirkju
föstudaginn 6. desember 2024

Forspil

Yesterday
The Beatles

Bæn

Sérhver draumur lifir aðeins eina nótt
sérhver alda rís en hnígur jafnan skjótt
hverju orði fylgir þögn
og þögnin hverfur alltof fljótt.
En þó að augnablikið aldrei fylli stund
skaltu eiga við það mikilvægan fund
því að tár sem þerrað burt
aldrei nær að græða grund.

Líttu sérhvert sólarlag,
sem þitt hinsta væri það.
Því morgni eftir orðinn dag
enginn gengur vísum að.

Þú veist að tímans köldu fjötra enginn flýr
enginn frá hans löngu glímu aftur snýr.
Því skaltu fanga þessa stund
því feðurin í henni býr.

Bragi Valdimar Skúlason

Ritningarlestur

Undir Dalanna sól við minn einfalda óð
hef ég unað við kyrrláta för.
Undir Dalanna sól hef ég lifað mín ljóð
ég hef leitað og fundið mín svör.

Undir Dalanna sól hef ég gæfuna gist
stundum grátið en oftast í fögnuði kysst.
Undir Dalanna sól á ég bú mitt og ból
og minn bikar, minn arinn,
minn svefnstað og skjól.

Björgvin Þ. Valdimarsson / Hallgrímur Jónsson frá Ljárskógum,

Ritningarlestur

Er völlum grær og vetur flýr
og vermir sólin grund.
Kem ég heim og hitti þig,
verð hjá þér alla stund.

Við byggjum saman bæ í sveit
sem blasir móti sól.
Þar ungu lífi landið mitt
mun ljá og veita skjól.

Sól slær silfri á voga,
sjáðu jökulinn loga.
Allt er bjart fyrir okkur tveim,
því ég er kominn heim.

Að ferðalokum finn ég þig
sem mér fagnar höndum tveim.
Ég er kominn heim,
já, ég er kominn heim.

Sól slær silfri á voga,
sjáðu jökulinn loga.
Allt er bjart fyrir okkur tveim,
því ég er kominn heim.

Að ferðalokum finn ég þig
sem mér fagnar höndum tveim.
Ég er kominn heim,
já, ég er kominn heim.
ég er kominn heim.

Emmerich Kálmán / Óðinn Valdimarsson

Guðspjall

Ég leit eina lilju í holti,
Hún lifði hjá steinum á mel.
Svo blíð og svo björt og svo auðmjúk.
En blettinn sinn prýddi hún vel.
Ég veit það er úti um engin
mörg önnur sem glitrar og skín.
Ég þræti ekki um litinn né ljómann.
En liljan í holtinu er mín.

Þessi lilja er mín lifandi trú.
Þessi lilja er mín lifandi trú.
Hún er ljós mitt og von mín og yndi.
Þessi lilja er mín lifandi trú.

Og þó að í vindunum visni
á völlum og engjum hvert blóm,
og haustvindar blási um heiðar
með hörðum og deyðandi róm,
og veturinn komi með kulda
og klaka og hríðar og snjó,
hún lifir í hug mér sú lilja
og líf hennar veitir mér fró.

Þessi lilja er mín lifandi trú.
Þessi lilja er mín lifandi trú.
Hún er ljós mitt og von mín og yndi.
Þessi lilja er mín lifandi trú.

Norskt lag / Skarpheiður Gunnlaugsdóttir / Þorsteinn Gíslason

Minningarorð

Þú færð aldrei'að gleyma
þegar ferð þú á stjá.
Þú átt hvergi heima
nema veginum á.

Með angur í hjarta
og dirfskunnar móð
þú ferð þína eigin,
ótroðnu slóð.

Vegbúi, sestu mér hjá.
Segðu mér sögur,
já, segðu mér frá.
Þú áttir von,
nú er vonin farin á brott
flogin í veg. mmmmm

Þú færð aldrei'að gleyma
þegar ferð þú á stjá.
Þú átt hvergi heima
nema veginum á.

Með angur í hjarta
og dirfskunnar móð
þú ferð þína eigin,
ótroðnu slóð.

Vegbúi, sestu mér hjá.
Segðu mér sögur,
já, segðu mér frá.
Þú áttir von,
nú er vonin farin á brott
flogin í veg. mmmmm

KK.

Bæn - Faðir vor

Enn birtist mér í draumi
sem dýrlegt ævintýr,
hver dagur, sem ég lifði' í návist þinni.
Svo morgunbjört og fögur
í mínum huga býr
hver minning um vor sumarstuttu kynni.

Og ástarljóð til þín
verður ævikveðja mín,
er innan stundar lýkur göngu minni.
Þá birtist mér í draumi
sem dýrlegt ævintýr,
hver dagur, sem ég lifði' í návist þinni.

Sigfús Halldórsson / Tómas Guðmundsson

Moldun

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorð verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, -
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lífi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson